

Nr. 17-082 S 059 Svanur KE 77**Vélavana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 1318
Smíðaður: Hafnarfirði 1973 úr stáli
Útgerð: GGB ehf.
Stærð: 59,06 brl. 66,37 bt.
Mesta lengd: 21,78 m Skráð lengd: 20,23 m
Breidd: 4,80 m Dýpt: 2,55 m
Vél: Caterpillar, 300 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 3



Svanur ©Þóroddur S Guðlaugsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 7. júní 2017 var Svanur KE 77 á dragnótaveiðum á SV miðum. Veður: N 8-9 m/s.

Tilkynning barst til Vaktstöðvar siglinga á rás 16 um að báturinn væri með bilaðan gír og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Oddur V. Gíslason dró Svan til hafnar í Grindavík.

Við rannsókn kom fram:

- að smurolíudæla fyrir gírinna bilaði og smurþrýstingur féll.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.